

Nokkur orð um Þorláksbúð

Kristín Huld Sigurðardóttir.

Athygli Minjastofnunar Íslands hefur verið vakin á grein um Þorláksbúð sem birtist í Morgunblaðinu 9. nóvember sl. og rituð var af hóp sem kallar sig áhugamenn um velferð Skálholtsstaðar.

Tveir þeirra sem standa að greininni, Eiður S. Guðnason og Þorkell Helgason, höfðu samband við forstöðumann Fornleifaverndar ríkisins haustið 2011 vegna Þorláksbúðar og var erindum þeirra þá fúslega svarað og málin skýrð. Önnur erindi frá áhugamönnum hafa hvorki borist inn til Fornleifaverndar ríkisins né Minjastofnunar Íslands. Spurningarnar tvær sem beint er til forstöðumanns Minjastofnunar Íslands í greininni hafa því aldrei borist til hans og því eðlilegt að hann hafi ekki tjáð sig um þær opinberlega.

Fyrri spurning áhugamanna er þessi: *Hvers vegna leyfði Minjastofnun Íslands að grafarró væri raskað í kirkjugarðinum í Skálholti? Tilgátuhúsið er byggt ofan á grafir frá fyrri tímum.*

Svar Minjastofnunar Íslands: Fornleifarannsóknir í kirkjugarði fela alltaf í sér að grafarró sé raskað. Þannig var það þegar Skálholtsfélagið hafði forgöngu um umfangsmikla fornleifarannsókn í Skálholti á sjötta áratug síðastliðinnar aldar vegna endurreisnar Skálholtsstaðar. Meðal þess sem þá var rannsakað með grefti var Þorláksbúð en einnig tvær fornar kirkjur á þeim stað þar sem núverandi Skálholtsdómkirkja stendur. Við rannsóknina, sem stóð með hléum frá 1952 til 1958, var ekki komist hjá því að grafarró fjölda einstaklinga væri raskað, og voru bein um 70 einstaklinga tekin úr kirkjugrunnunum og kirkjugarðinum. Minjar eftir kirkjurnar voru fjarlægðar við rannsóknina ásamt beinum, legsteinum og um 500 gripum sem fundust í gröfum sem annars staðar.

Uppgröftur Hákon Christie og fleiri á Þorláksbúð árið 1954 leiddi í ljós að húsið hafði verið byggt ofan á grafir. Veggir sem reistir voru að lokinni rannsókninni 1954 til að sýna lögun Þorláksbúðar hvíldu einnig að hluta á gröfum.

Þorláksbúð og umhverfi hennar voru rannsökuð aftur að hluta árið 2009 af Fornleifastofnun Íslands ses. og leiddi sú rannsókn ekkert nýtt í ljós um legu grafanna, sem eru um 0,4 til 0,6 m undir yfirborði, bæði inni í búðinni og utan hennar. Af hálfu Fornleifaverndar ríkisins voru gerðar þær kröfur um hönnun hússins sem sett var yfir Þorláksbúð að það hvíldi á púðum þannig að það skaðaði ekki minjarnar.

Sr. Magnús Már Lárusson, sem Skálholtsfélagið hafði fengið til að kynna sér sögu Skálholts og sem varð síðar framkvæmdastjóri Skálholtsnefndar, vildi ekki reisa dómkirkjuna á gamla grunninum heldur láta hann standa óhreyfðan, varðveita minjarnar og reisa nýja kirkju uppi á túni. Sú skoðun varð síðan ofan á að reisa nýja kirkju þar sem minjarnar voru. Átti það að vera dæmi um hve sterk og órofin kirkjuhefðin í Skálholti væri, og þótt reist væri ný kirkja þá væri það í raun alltaf sama kirkjan.

Það skal áréttað að núverandi Skálholtsdómkirkja hvílir á eldri minjum, þmt. gröfum rétt eins og leifar Þorláksbúðar og húsið sem reist var yfir minjarnar. Þeir sem lágu þar sem Skálholtskirkja var reist voru teknir úr gröfum sínum og grafarró þeirra raskað en þeir sem hvíldu undir Þorláksbúð gera það enn og stendur ekki til að raska ró þeirra. Í raun má segja að með endurreisn Skálholts á sjötta og sjöunda áratug liðinnar aldar væri flestum jarðföstum minjum um biskupsstaðinn Skálholt, allt frá miðöldum, rutt burt.

Seinni spurningin er: *Hvers vegna leyfði Minjastofnun Íslands að byggt væri ofan á friðlýstar fornminjar við vegg dómkirkjunnar í Skálholti og þeim raskað?*

Veggir Þorláksbúðar og gólf voru rannsökuð í ofangreindum fornleifauppgrefti árið 1954. Áður en húsið var reist yfir Þorláksbúð árið 2011 voru fornleifafræðingar fengnir til að rannsaka minjarnar

aftur, kanna umfang þeirra og eðli og hvort hætta væri á að bygging sem hvíldi á púðum, eins og til stóð að leyfa, myndi raska minjunum. Ekkert nýtt kom fram við þá rannsókn sem rannsóknin frá 1954 hafði ekki leitt í ljós. Mörg fordæmi eru fyrir því að reist sé hús yfir fornleifar á Íslandi, friðlýstar jafnt sem friðaðar. Dæmi um slíkt eru hús sem reist voru yfir minjar í Stöng í Þjórsárdal að lokinni fornleifarannsókn árið 1939. Það hús sem nú er yfir Stangarrústunum var reist í lok sjötta áratugarins. Skýli var reist yfir göng í Reykholti og einnig yfir göngin í Skálholti sem voru endurbyggð í tengslum við byggingu núverandi dómkirkju.

Þegar hafist var handa við friðýsingar í upphafi 20. aldar var það gert í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að minjar eyðilegðust. Með því að þinglýsa minjum eins og tíðkast með friðýstar fornleifar var verið að tryggja að fólki væri kunnugt um tilvist þeirra og að sú þekking bærist til nýrra eigenda þegar jarðir væru seldar.

Þegar fjallað er um orsök þess að veitt var leyfi til að setja hús yfir minjar Þorláksbúðar er nauðsynlegt að rifja upp hvernig stofnað var til málsins í upphafi. Það kemur af þörf kirkjunnar fyrir skrudhús sem var einnig hugsað sem þjónustuhús. Sr. Sigurður Sigurðarson vígslubiskup hafði samband við Fornleifavernd ríkisins á árinu 2007 og átti nokkra fundi með stofnuninni þar sem hann gerði grein fyrir þörfum embættisins og óskum og vísaði í *Endurskoðaða tillögu að deiliskipulagi* sem Manfred Vilhjálmsson og Reynir Vilhjálmsson unnu fyrir Skálholtsstað í ágúst 1995. En þar er undir lið 2.12 vísað til skýrslu Skálholtsnefndar um að kannað verði hvort ekki megi byggja upp Þorláksbúð að forsögn fróðra manna. Byggingin gæti nýst sem skrudhús og fundarherbergi, auk þess að vera dæmi um fornan byggingarstíl. Var það von sr. Sigurðar að þetta kæmist í framkvæmd. Árni Johnsen alþingismaður var honum til aðstoðar við fjáröflun vegna verkefnisins. Fram kom í máli vígslubiskups að ef skrudhús ætti að þjóna tilgangi sínum þyrfti það að standa í námunda við kirkjuna þannig að stutt væri fyrir prest að ganga úr skrudhúsi í kirkju. Að mati vígslubiskups var í raun eini staðurinn sem kom til greina við norðurhlíð kirkjunnar, við dyraop sem þar er. Ræddi vígslubiskup þá hugmynd hvort reisa mætti „Þorláksbúð“ á þeim tóftum sem þar voru fyrir og gæti húsið þá þjónað sem skrudhús fyrir kirkjuna. Reynir Vilhjálmsson landslagsarkítekt kynnti einnig tillögu um byggingu Þorláksbúðar á þessum stað á málþinginu *Torf í arf* sem haldið var á Löngumýri í Skagafirði árið 2007.

Stefna og sýn Fornleifaverndar ríkisins varðandi uppbyggingu á minjastöðum var sú að endurreisa ekki minjar. Tilgátuhús skyldi reisa fjarri minjum. Spurningarnar sem starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins stóðu frammi fyrir vegna óskar vígslubiskups voru:

- Hvaða afleiðingar myndi bygging skrudhúss hafa fyrir fornleifar á svæðinu?
- Yrðu afleiðingarr framkvæmdanna þannig að ástæða væri til að banna alfarið byggingu skrudhúss við kirkjuna eða væri hugsanlegt að mæta þörfum kirkjunnar/staðarhaldara með einhverjum mótvægisáðgerðum sem lágmrkuðu rask á fornleifum?

Það er ekki fordæmalaust að starfsmenn Fornleifaverndar, nú Minjastofnunar Íslands, standi frammi fyrir spurningum af þessu tagi. Allar minjar á Íslandi, 100 ára og eldri, eru friðaðar og oft þarf að taka ákvarðanir um það hvort minjar skuli standa eða víkja vegna framkvæmda af ýmsu tagi og þá með hvaða skilyrðum. Þegar um framkvæmdir er að ræða sem ógnað geta fornleifum er ávallt byrjað á því að kanna hvort mögulegt sé að hnika framkvæmdasvæðunum þannig að minjar spillist ekki. Í yfirgnæfandi meirihluta tilfella dugar það. Byggingarreitur er þá færður til um einhverja metra, veglína valin sem hefur minnst áhrif á minjar, lagnaleið hnikað eða hvað það nú er sem um ræðir. Ef staðan er þröng og enginn kostur er á því að hnika framkvæmdum þarf að taka ákvörðun um það hvort banna skuli framkvæmdirnar og láta fornleifarnar standa eða hvort minjarnar skuli víkja og þá með hvaða

skilyrðum. Við þær aðstæður þarf minjavarslan oft að finna viðunandi lausnir fyrir báða aðila því gjarnan eru miklir hagsmunir í húfi. Ef t.d. um vegagerð er að ræða þá gætu hagsmunirnir snúist um umferðaröryggi. Verkefni minjavörslunnar er þá hvort tveggja, að leggja mat á gildi þeirra minja sem um ræðir og hvort hagsmunir séu slíkir að það réttlæti að friðuðum minjum sé raskað. Þegar ákvörðun er tekin um að heimila framkvæmdir þrátt fyrir að minjar lendi í uppnámi eða skemmist þá er undantekningarlaust farið fram á rannsókn þeirra og uppgröft. Slíkar framkvæmdatengdar rannsóknir, eða *neyðarrannsóknir* eins og þær eru kallaðar, hafa verið fjölmargar á undanförunum árum. Sem dæmi má nefna uppgröft við Alþingisreitinn í Reykjavík, uppgröft í Reyðarfirði vegna álversframkvæmda og uppgrefti í Keldudal og í Vík í Skagafirði vegna byggingaframkvæmda.

Í Skálholti var staðan þannig að hagsmunirnir snérust um þörf kirkjunnar fyrir skrudhús. Fyrirfram var ljóst að allt í kringum kirkjuna voru friðaðar fornleifar í jörðu. Eins og venja er, þá var farið yfir það hvort bygginguna mætti reisa á öðrum stað, fjær kirkjunni þar sem minjar yrðu ekki í veginum. Það var hins vegar mat vígslubiskups að ef skrudhúsið ætti að geta þjónað hlutverki sínu þá yrði það að standa nærri kirkjunni. Þá stóð Fornleifavernd frammi fyrir því hvort banna ætti kirkjunni að reisa skrudhús eða hvort finna mætti einhverja viðunandi lausn sem hefði lágmarks áhrif á fornleifar.

Minnst var á þetta mál við forstöðumann Húsafriðunarnefndar og formann ICOMOS þegar vorið 2007 og gerðu þeir þá engar athugasemdir við að byggt yrði hús yfir minjar Þorlákshúsbúðar.

Minjar Þorlákshúsbúðar voru ekki aðeins aldursfriðaðar, heldur einnig friðlýstar, en um þær minjar gilda strangari lagaákvæði og var málið því viðkvæmara en ella. Árið 1954 var tóftin rannsökuð í tengslum við Skálholtsrannsóknirnar. Sú spurning vaknaði því hversu mikið af rústinni hefði verið grafið í burtu og hvað væri í raun eftir af upprunalegu minjunum. Veggir þeir sem sáust á yfirborði höfðu verið hlaðnir upp á sínum tíma til að gefa hugmynd um útlínur byggingarinnar – þeir voru því frá árinu 1954. Hringt var til Haakon Christie árið 2009 til að fá nánari upplýsingar um rannsóknirnar en þær sem fram koma í uppgraftarskýrslu. Hann hafði engin frekari gögn hjá sér sem nýttust. Jafnframt fór Fornleifavernd ríkisins fram á að rústin yrði rannsökuð betur og stýrði Mjöll Snæsdóttir því verki árið 2009. Ljóst var eftir þá rannsókn að mjög lítið var eftir af rústinni og á þeim tíma hefði verið réttast að aflétta hinni sérstöku friðlýsingu þótt leifarnar sem eftir voru yrðu áfram aldursfriðaðar.

Ákveðið var að mæta þörf kirkjunnar fyrir skrudhús með þeim skilyrðum að minjarnar sem húsið stæði á yrðu varðar fyrir hnjaski og hús byggt yfir þær en ekki á þeim. Það varð því úr að lagður var jarðvegsdúkur yfir fornleifarnar og hvílir byggingin á púða til varnar minjunum. Áhrif þessara framkvæmda á fornleifar eru því minniháttar og *afturkræfar*, þ.e. hægt er að fjarlægja húsið án þess að minjum sé spillt. Með þessari aðgerð var reynt að sætta hagsmuni minjavörslu og vígslubiskups. Ef á annað borð átti að byggja skrudhús við Skálholtskirkju var þetta líklega farsælasta lausn sem hægt var að finna með tilliti til varðveislu fornleifa. Annars konar byggingar hefðu kostað umfangsmikinn gröft á svæðinu.

Aðkoma Fornleifaverndar að málinu hafði eingöngu með varðveislu fornleifa að gera og hvaða lausnir væru mögulegar í þeim efnum. Að öðru leyti hafði stofnunin ekki afskipti, hvorki af fjárhag eða byggingu hússins. Spurningar um fagurfræði og það hvort byggingin rímar vel eða illa við Skálholtskirkju á þessum stað er mál sem Fornleifavernd tók ekki afstöðu til og heyrði ekki lögformlega undir stjórnýslu stofnunarinnar. Á síðari stigum, eða haustið 2011, ákvað Húsafriðunarnefnd að skyndifriða Skálholtskirkju og svæðið í kring án þess að ræða við Fornleifavernd ríkisins, en þá var Þorlákshúsbúð þegar risin. Vekur það nokkra furðu hversu seint viðhorf Húsafriðunarnefndar komu fram þar sem málið hafði verið kynnt fyrir nefndinni árið 2007. Með sameiningu Fornleifaverndar og Húsafriðunarnefndar ríkisins var stígið mikilvægt skref til framfara fyrir íslenska minjavörslu þar sem stjórnýsla fornleifamála og húsverndar voru sameinaðar undir

einni stofnun, Minjastofnun Íslands. Ákvarðanir um hús og fornleifar eru þannig teknar í víðara samhengi innan sömu stofnunar sem eflaust á eftir verða til bóta.

Byggingin yfir Þorláksbúð er ekki nýtt af núverandi vígslubiskupi og virðist almennt vera óánægja með húsið á staðnum. Það er ekki vilji Minjastofnunar Íslands að húsið verði áfram þar sem það er nú og var Þorláksbúðarfélaginu tjáð það fyrr á árinu.

Heimildir:

Håkon Christie: Hoveddagbok – Udgravningen av Skálholtsdomkirke sommeren 1954. Handrit á Þjóðminjasafni Íslands.

Kristján Eldjárn, Håkon Christie, Jón Steffensen, 1988. Skálholt – Fornleifarannsóknir 1954 – 1958. Umsjónarmaður útgáfu: Hörður Ágústsson. Reykjavík: Lögberg.

Manfreð Vilhjálmsson, Reynir Vilhjálmsson. 1995. Skálholt – Endurskðuð tillaga að deiliskipulagi. Unnið fyrir Skálholtsstað í ágúst 1995. Handrit.

Mjöll Snæsdóttir, 2009. Könnunarskurðir í svonefnda Þorláksbúð í Skálholti. Fornleifastofnun Íslands ses, rit FS435-09041-2009.